

# Draumaskólinn Fellaskóli

Menntastefna Reykjavíkurborgar

Draumaskólinn byggir starf sitt á Aðalnámskrá grunnskóla. Menntastefna Reykjavíkurborgar  
*Látum draumana rætast myndar grunninn að áherslum í Draumaskólanum Fellaskóla:*

- ❖ Það er mikilvægt verkefni að tryggja jöfn tækifæri og aðgang barna að fjölbreyttu námi og starfi sem er í samræmi við áhuga þeirra og færni.
- ❖ Virkni barna og lýðræðisleg þátttaka í leik og starfi eru mikilvæg leiðarljós.
- ❖ Veita þarf börnum viðeigandi stuðning og byggja á styrkleikum þeirra og bakgrunni svo að þau geti haft áhrif á nám sitt, líðan og umhverfi.

## Framtíðarsýn Draumaskólans Fellaskóla

*Nemendum Draumaskólans býðst framúrskarandi menntun.*

*Nemendur Draumaskólans eru stoltir, virkir og ábyrgir og láta drauma sína rætast.*

Áhersluatriði í starfi Draumaskólans Fellaskóla:

*Leiðarljós í skólastarfinu er áhersla á málþroska og læsi, leiðsagnarnám, tónlist og sköpun.*

*Málþroski og læsi eru undirstaða náms. Leiðsagnarnám snýr að markvissari og árangursríkari kennsluháttum. Tónlist styður við málþroska og nám. Tónlist og skapandi skólastarf leggur grunn að betri líðan, jákvæðari sjálfsmynd og trú nemenda á eigin getu.*

*Draumaskólinn Fellaskóli ásamt frístundamiðstöðinni Vínafelli vinnur náið með fjölskyldum nemenda, leikskólunum Holti og Ösp og öðrum stofnunum í nærumhverfinu.*

Draumaskólinn Fellaskóli leggur megináherslu á íslensku í öllu starfi sínu.

- ❖ Allir kennarar eru íslenskukennarar og málfyrirmyndir með góða yfirsýn yfir þann orðaforða sem nemendur þurfa að hafa á valdi sínu í hverri námsgrein.
- ❖ Ríkuleg samskipti og samtöl nemenda og kennara/starfsfólks í daglegu starfi skapa grundvöll að góðum málskilningi og sterkum félagslegum tengslum.
- ❖ Málskilningur / orðaforði eru grundvallaratriði í öllu starfi í Holti, Ösp, Fellaskóla og Vínafelli.
- ❖ Markvissar og samstíga aðgerðir skólastiganna og Vínafells stuðla að góðum málþroska nemenda.

- ❖ Markviss lestrarþjálfun stuðlar að hæfni nemenda til að ná betra valdi á íslensku.


Draumaskólinn Fellaskóli leggur áherslu á skólabrag sem einkennist af:

- ❖ Væntingum um að nemendur og starfsfólk nái árangri.
- ❖ Trausti og virðingu í samskiptum þar sem metnaður og gleði er ríkjandi.
- ❖ Trú nemenda á eigin getu og vitund um hvað þeir þurfa að gera til að ná árangri.
- ❖ Því að byggt er á bakgrunni, styrkleikum og áhugasviði nemenda í námi og leik
- ❖ Samræðu og samvinnu milli nemenda og nemenda og starfsmanna.
- ❖ Lýðræðislegum starfsháttum.
- ❖ Lærdómssamfélagi.
- ❖ Leiðsagnarnámi.
- ❖ Teymisvinnu kennara og starfsfólks.
- ❖ Teymiskennslu.
- ❖ Tónlist.
- ❖ Skapandi skólastarfi.
- ❖ Góðri félagsfærni, líðan og farsæld nemenda og starfsfólks.
- ❖ Jákvæðum aga.
- ❖ Samstarfi við foreldra.

Drög – samþykkt á fundi þróunarteymis Draumaskólans 1. mars 2021

Skólalragur Draumaskólans Fellaskóla einkennist af:

- ❖ Trausti og virðingu í samskiptum þar sem metnaður og gleði er ríkjandi.
- ❖ Væntingum um að allir nemendur geti náð árangri
- ❖ Trú nemenda á eigin getu og vitund um hvað þeir þurfa að gera til að ná árangri.
- ❖ Góðri félagsfærni, líðan og farsæld nemenda og starfsfólks.
- ❖ Jákvæðum aga.
- ❖ Því að byggt er á bakgrunni, styrkleikum og áhugasviði nemenda.



Þetta er í raun sama makrmið og aukin þátttaka í tónlist.

**Stuðla að aukinni  
þátttöku nemenda í  
fjölbreyttu listnámi.**